

**Tillaga**  
**Guðmundar Inga Kristinssonar**  
**lögð fyrri ársfund ASÍ þann 20.-21.október 2005.**

**DRÖG AÐ**  
**ályktun ársfundar ASÍ 2005**  
**um stuðning við frumvarp til laga**  
**um breytingu á skaðabótalögum nr.50/1993.**

Ársfundur ASÍ telur það mikilvægt að breytingar þær sem lagðar voru fram á 131.löggjafarþingi 2004-2005. Þskj.1037-681.mál frá allsherjarnefnd verði samþykktar á Alþingi.

Í frumvarp til laga um breytingu á skaðabótalögum nr.50/1993 er verið að taka á því ótrúlega óréttlæti núgildandi skaðabótalaga er heimilar að bætur fólks sem metið er **meira en 50% varanleg örorka** og á rétt á örorkulífeyri frá Tryggingastofnun Ríkisins, svo sem **tekjutryggingu, tekjutryggingarauka, heimilisuppbót, bensínstyrk o.fl. eru dregnar frá þessum hópi.**

Einnig er í breytingum á skaðabótalögum tekið á þeim bótum þar sem dregnar eru nú frá hinar fáránlegu **“ímyndaðar” greiðslur sem hinn látni maki fær ekki**, þ.e. ef hinn **látni hefði lifað af slysið hefði hann átt rétt á bótum frá almannatryggingum og úr lífeyrissjóði sínum vegna örorkunar.** Í gildandi skaðabótalögum eru **“ímyndaðar” greiðslur dregnar frá bótum til eftirlifandi maka og barna þeirra.**

Að framansögðu skorar ársfundur ASÍ á allsherjarnefnd og þingmenn að sjá um að endurgreiða þær bætur og **“ímyndaðar”greiðslur sem nú þegar hafa verið teknar af alvarlega slösuðum einstaklingum, ekkjum, ekkjum og börnum sem hafa mist föður eða móður í slysum.**

Dósent í Háskólanum í Reykjavík, Lögmannafélag Íslands, Samband íslenskra tryggingafélaga, Sjóvá-Almennar tryggingar hf, Tryggingamiðstöðin hf, Vátryggingafélag Íslands hf, og Örorkunefnd hafa sent inn umsagnir um breytinguna á skaðabótalögum að beiðni allsherjarnefndar, **en ekki hefur verið óskað eftir umsögn frá ASÍ eða öðrum samtökum er verja hag bótaþega.**


Ársfundur ASÍ samþykki því fyrirhugaðar breytingar á skaðabótalögum. Einnig að tekin verði til endurskoðunar lög in í heild sinni. Ljóst er að um viðarmikið og flókið mál er að ræða og því beinir ársfundurinn því til miðstjórnar ASÍ að hún taki á þeim málum ásamt öðrum þeim breytingum sem teknar verða eftir vantaðar og ítarlegar skoðunar á gildandi skaðabótalögum. Niðurstaða framangreindrar skoðunar liggja fyrir sem fyrst og hún kynnt fyrir Allsherjarnefnd og alþingismönnum og öðrum sem málið varðar og henni síðan fylgt eftir.

Stöðvum strax það óréttlæti sem gildandi skaðabótalög valda nú þegar, þar sem sparkað er fjárhagslega í slasað fólk og aðstandendur þeirra sem deyja af slysförum og til þess eru notaðar allar bætur TR og bætur frá lífetrissjóðum.

Það eru fíranleg lög sem gera fólk sem deyr af slysförum að skuldurum. Að við uppgjör bóta hjá launafólki er deyr af slysförum sé fyrst búna til skuldir upp á milljónir króna og til þess notaðar bætur TR og bætur frá lífeyrissjóðum sem allrei hafa verið greiddar. Aðstandendum bara borgað lágmarksbætur sem er föst krónutala, á meðan tekjuhærri launþegar lenda ekki í skuld. Þetta er hin mesta óvirðing sem um getur, því öll erum við jöfn fyrir lögum og því á engin á að fara með “ímyndaða” skuld í gröfina.

**Verndum Stjórnarskrárbundin rétt þessa fólks um fullar bætur með því að sjá til þess að allt það sem af þeim var tekið með þessum ólögum og gefið tryggingafélögunum verði skilað til þeirra aftur og það strax. Bæturnar eru í 50 milljarða króna bótasjóði þeirra og gróðin hjá tryggingafélögunum á síðasta ári um 10 milljarðar og því engin þörf hjá þeim að græði á “ímynduðum” greiðslum sem aldrei voru greiddar.**

Virðingafyllst,



Guðmundur Ingi Kristinsson öryrki og fl. VR  
S: 565-1392 og 896-1495

Meðf:

Frumvarp til laga frá allsherjáhafnd um breytingar á skaðabótalögum nr.50/1993.  
Dæmi úr dómum Hæstaréttar.  
Tilbúin dæmi um greiðslur.

## **Dæmi úr dómum Hæstaréttar tekið upp úr ræðu form.allhern. Bjarna Benediktssonar 7.apr.2005.**

1. Um alvarlega slasað fólk sem metið er meira en 50% varanleg örorka og eigi rétt á örorkulífeyri frá TR.

Kona sem starfaði í fiskvinnslu og lenti í vinnuslysi og hlaut 70% varanlega örorku.

Heildartjón.	11.409.764.-
Samtals gr. bætur	<u>5.005.022.-</u>
Frádr. framtíðargreiðslur frá Tryggingast.	kr.- 6.404.742.-

2. Um bætur eftirlifandi maka. ( Vantar í lögin börnin og fósturbörn.)

Vinnuslys þar sem greiðslur sem hinn látni hefði átt rétt á úr almannatr. og lífeyrissjóði, hefði hann lifað við 100% örorku, og 30% af því greitt makanum.

30% af 100% örorku.	7.052.096.-
Föst lánmarksgr.	<u>4.091.408.-</u>
Bótakrafa skert vegna “ímyndas”bótaréttar	- 2.960.688.-

**Tilbúin dæmi um skerðingu bóta í dag vegna frádr.  
“ ímyndaðar” greiðslna sem teknar eru af árslaunum að  
upphæð kr. 1,500.000.- ,3.000.000.- og 4.500.000.- Aldur 40 ára  
við andlát vegna slys.**

1. Árslaun kr. 1.500.00.-

Heildarbætur	15.865.500.-
Frádr.vegna lífeyrssi.fl. = s.ca	- 24.400.000.-
<b>Skuld samtals.</b>	<b>- 8.534.500.-</b>

**Föst lámaksgr. til maka = s.ca kr. 4.360.000.-**

2. Árslaun kr. 3.000.000.-

Heildarbætur	31.731.000.-
Frádr.vegna lífeyrssi.fl. = s.ca	- 24.400.000.-
<b>Samtals.</b>	<b>+ 7.331.000.-</b>

**Föst lámaksgr. til maka = s.ca kr. 4.360.000.-**

3. Árslaun kr. 4.500.000.-

Heildarbætur	47.595.500.-
Frádr.vegna lífeyrssi.fl. = s.ca	- 24.400.000.-
<b>Samtals.</b>	<b>+ 23.196.500.-</b>

**Gr. til maka 30% = s.ca kr. 6.958.950.-**

Aðrar útgáfur af skjalinu: PDF - Word Perfect. Ferill málsins.

**131. löggjafarþing 2004–2005.**  
**þskj. 1037 — 681. mál.**

## **Frumvarp til laga**

um breytingu á skaðabótalögum nr. 50/1993, með síðari breytingum.

Frá allsherjarnefnd.

1. gr.

4. mgr. 5. gr. laganna orðast svo:

Frá skaðabótakröfu vegna líkamstjóns dragast eingreiðslur sem tjónþoli fær frá almannatryggingum, bætur frá slysatryggingu ökumanns eftir umferðarlögum og bætur frá sams konar slysatryggingu manns er slasast sem farþegi í eigin ökutæki. Greiðslur frá samnings- eða lögbundinni atvinnuslysatryggingu launþega dragast frá skaðabótakröfu hans á hendur vinnuveitanda þeim sem slysatrygginguna keypti. Bætur samkvæmt lögum um sjúklingatryggingu skal einnig draga frá skaðabótakröfu. Jafnframt skal draga frá skaðabótakröfu 40% af reiknuðu eingreiðsluverðmæti örorkulífeyris frá lífeyrissjóði og skal við útreikninginn miðað við 4,5% ársafvöxtun. Aðrar greiðslur sem tjónþoli fær frá þriðja manni vegna líkamstjóns, svo sem lífeyrissjóði, almannatryggingum eða váttryggingafélagi, dragast ekki frá skaðabótakröfu.

2. gr.

1. mgr. 13. gr. laganna orðast svo:

Bætur fyrir missi framfæranda til maka eða sambúðarmaka skulu vera 30% af bótum þeim sem ætla má að hinn látni mundi hafa átt rétt á fyrir algera (100%) örorku, sbr. 5.–8. gr. án frádráttar. Bætur skulu þó ekki nema lægri fjárhæð en 3.000.000 kr. nema sérstaklega standi á.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

### **Greinargerð.**

Skaðabótalögum, nr. 50/1993, var breytt með lögum nr. 37/1999 og hafði sú breyting mikla réttarbót í för með sér. Hins vegar voru þá jafnframt lögleiddar frádráttarreglur vegna greiðslna frá þriðja aðila sem hafa komið nokkuð hart niður á alvarlega slösuðu fólki og ekkjum og ekkjum.

Alvarlega slasað fólk sem metið er með meira en 50% varanlega örorku á rétt á örorkulífeyri frá Tryggingastofnun ríkisins og þeir sem verst eru settir eiga einnig rétt á ýmiss konar viðbótargreiðslum, svo sem tekjutryggingu, tekjutryggingarauka, heimilisuppbót, bensínstyrk o.fl. Fyrir breytinguna árið 1999 voru greiðslur af þessum toga ekki dregnar frá skaðabótum.

### **Prentað upp.**

Eftir breytinguna 1999 hafa slíkar bætur hins vegar verið dregnar frá þessum hópi skv. 4. mgr. 5. gr. laganna sem hefur haft alvarlegar afleiðingar í för með sér þar sem það er alls ekki öruggt að viðkomandi fái greiðslur frá Tryggingastofnun ríkisins um ókomna framtíð. Það getur m.a. ráðist af hjúskaparstöðu viðkomandi tjónþola og lagabreytingum í framtíðinni. Þá geta tekjur tjónþola haft

áhrif til skerðingar, bæði launatekjur og fjármagnstekjur.

Með breytingunni 1999 voru bætur til eftirlifandi maka lækkaðar verulega þannig að nú eru dregnar frá „ímyndaðar“ greiðslur sem hinn látni maki fær ekki, þ.e. ef hinn látni hefði lifað af slysið hefði hann átt rétt á bótum frá almannatryggingum og úr lífeyrissjóði sínum vegna örorkunnar. Þær greiðslur fær hann ekki en samkvæmt nágildandi ákvæði 1. mgr. 13. gr. laganna á engu síður að taka tillit til þessara greiðslna eins og þær hefðu verið greiddar og draga þær frá áður en tjón makans er reiknað út.

Með hliðsjón af því sem að framan greinir og sanngirnissjónarmiðum leggur allsherjarnefnd til tvenns konar breytingar á skaðabótalögum, annars vegar að í 4. mgr. 5. gr. laganna verði kveðið á um að eingöngu eingreiðslur frá almannatryggingum dragist frá bótum til tjónþola í stað greiðslna frá almannatryggingum eins og nú er og hins vegar að orðunum „án frádráttar“ verði bætt við ákvæði 1. málsl. 1. mgr. 13. gr. laganna til að koma í veg fyrir að bætur frá almannatryggingum og lífeyrissjóði verði dregnar frá bótum til eftirlifandi maka. Með þessu verður komið í veg fyrir frádrátt frá bótum í þeim tilvikum þegar um er að ræða alvarlega slasaða einstaklinga og ekkjur og ekkla.